

Nefndasvið Alþingis
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 6. nóvember 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um félagafrelsi á vinnumarkaði (313. mál)

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til umsagnarbeiðni velferðarnefndar, dags. 23. október sl., um ofangreint þingmál á þingskjali 317.

Málið er endurflutt frá fyrra þingi. FA vísar til umsagnar sinnar um það mál (24. mál á 153. löggjafarþingi), sem er hér sem fylgiskjal. Félagið styður málið eindregið og leggur til að það verði að lögum.

FA áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum. Þá er félagið að sjálfsögðu reiðubúið að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA

Fylgiskjal:
Umsögn FA um 24. mál á 153. löggjafarþingi

Nefndasvið Alþingis
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 28. október 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um félagafrelsi á vinnumarkaði (24. mál)

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til umsagnarbeiðni velferðarnefndar, dags. 19. október sl., um ofangreint þingmál á þingskjali 24.

I. Almennt

Samkvæmt greinargerð frumvarpsins eru meginmarkmið þess að tryggja rétt launamanna til að velja sér stéttarfélag, leggja bann við forgangsréttarákvæðum í kjarasamningum, vernda rétt launamanna til að standa utan verkfalla stéttarfélaga sem þeir tilheyra ekki og afnema skyldu ófélagsbundinna launamanna til að greiða félagsgjöld í stéttarfélögum, þar sem kveðið er á um hana í lögum og kjarasamningum.

FA er sammála þeirri greiningu og rökstuðningi sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins; að núverandi vinnumarkaðslöggjöf fari þvert á ákvæði stjórnarskrár Íslands og alþjóðasáttmála um félagafrelsi. Stjórnarskráin tryggir með skýrum hætti rétt borgaranna til að standa utan félaga en ákvæði vinnumarkaðslöggjafarinnar og forgangsréttarákvæði kjarasamninga skylda í raun launamenn til að greiða stéttarfélögum félagsgjald, jafnvel þótt þeir standi utan þeirra og hafi hvorki atkvæðisrétt um málefni þeirra né njóti sömu réttinda og félagsmenn. Evrópunefndin um félagsleg réttindi, sem starfar á vegum Evrópuráðsins, hefur ítrekað (t.d. 2010, 2014 og 2018) komið að þeirri niðurstöðu að Ísland uppfylli ekki skilyrði 5. greinar félagsmálasáttmála Evrópu um rétt manna til að standa utan stéttarfélaga. Er þar vísað til forgangsréttarákvæða kjarasamninga.

Félagið tekur jafnframt undir að það gengur gegn atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar að fólk sem ekki er í stéttarfélagi skuli skyldað til að taka þátt í vinnustöðvun sem stéttarfélagið ákveður, þrátt fyrir að vera ekki í félaginu og njóta ekki greiðslna úr verkfallssjóðum þess. Þá er að sjálfsgöðu ótækt að launþegar skuli sjálfkrafa skráðir í stéttarfélag þegar þeir ráða sig til tekinna starfa og þurfi ekki einu sinni að veita samþykki sitt fyrir því að dregið sé af launum þeirra til að greiða félagsgjöld í stéttarfélögum. Tillaga frumvarpsins um að breyta þeirri tilhögun er sjálfsgöð og eðlileg.

FA tekur undir það með flutningsmönnum að íslenska ríkinu ber skylda til að tryggja mannréttindi borgaranna, þar með talið hið svokallaða neikvæða félagafrelsi, réttinn til að standa utan félaga. Engin sannfærandi rök hafa verið færð fram fyrir því að hér á landi eigi að gilda séríslenskt fyrirkomulag sem þvingar launþega til að greiða gjöld til stéttarfélaga og felur í raun oft og tíðum í sér skylduáðild, þótt það heiti eitthvað annað á pappírnum. Íslenska ríkið á í raun engan annan kost en að taka á þessu máli; annars er líklegt að úr því þurfi að skera fyrir dómstólum, innlendum eða alþjóðlegum.

II. Aðför að verkalýðshreyfingunni?

Í opinberri umræðu um frumvarp þetta hefur það verið kallað aðför að verkalýðshreyfingunni og samtakamætti launafólks. Því hefur meðal annars verið haldið fram að það hefði í för með sér lakari

tryggingu vegna veikinda eða slysa fyrir launþega sem kysu að standa utan stéttarféлага. Þá er reyndar gengið út frá því að stéttarfélag myndi neita að taka við greiðslu í sjúkrasjóð fyrir viðkomandi starfsmann, því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að atvinnurekendur myndu áfram greiða í sjúkrasjóði stéttarféлага fyrir starfsmenn sína. Hins vegar væri sá kostur fyrir hendi, neiti stéttarfélag að taka við greiðslu vegna ófélagsbundins launþega, að atvinnurekandinn keypti tryggingu gegn veikindum eða slysum hjá tryggingafélagi. Það færi vafalaust eftir skilmálum slíkra trygginga hvort launþeginn væri betur eða lakar settur en ef hann ætti rétt á greiðslum úr sjúkrasjóði.

Einnig hefur verið nefnt að starfsmenn sem standa utan stéttarféлага hefðu ekki aðgengi að t.d. niðurgreiðslu á lækniástoð og sálfræðiþjónustu, gleraugnakaupa- og líkamsræktarstyrkjum, orlofshúsum og annarri þjónustu sem stéttarfélögin veita. Þeir þyrftu vissulega að hafa sjálfir hugsun á að leggja til hliðar fyrir t.d. gleraugnakaupum eða leigu á sumarbústað. Miðað við þá sjóði sem safnast hafa upp hjá mörgum stéttarfélögum virðast félagsmennirnir greiða meira inn en þeir fá til baka í formi styrkja eða þjónustu.

Ef við gefum okkur hins vegar að gagnrýnendurnir hafi rétt fyrir sér um öll þessi atriði, þarf verkalýðshreyfingin ekki að hafa áhyggjur af því eitt augnablik að lagabreytingin hafi neikvæð áhrif á stéttarfélagsaðild. Vel rekin stéttarfélög, sem veita félagsmönnum sínum góða þjónustu og berjast með skilvirkum hætti fyrir hag þeirra, munu engu tapa á því að félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar og alþjóðasáttmála séu virt. Þau munu hins vegar hafa félagsmenn sem greiða þeim félagsgjöld af fúsum og frjálsum vilja, en ekki vegna þvingunar í lögum eða kjarasamningum.

Því hefur verið velt upp að atvinnurekendur kynnu að ákveða að ráða eingöngu til sín fólk sem stæði utan stéttarféлага. Í 3. gr. frumvarpsins er raunar sett undir þann leka; mismunun á grundvelli stéttarfélagsaðildar er ekki heimil samkvæmt því ákvæði. Auk þess verður að teljast afar ósennilegt að atvinnurekendur hömluðu með slíkum hætti sjálfum sér í samkeppni um hæfasta starfsfólkið. Samskipti stéttarféлага og atvinnurekenda eru sem betur fer almennt og yfirleitt góð og mættu vera orðin óbærilega slæm til þess að atvinnurekendur teldu sig knúna til að sniðganga fólk sem ætti aðild að stéttarfélögum.

III. Skilvirkara aðhald, meiri fjölbreytni

Gagnrýnendur frumvarpsins hafa nefnt að sterk verkalýðshreyfing veiti stjórnvöldum aðhald, sem er rétt. Ekki má hins vegar gleyma því að verkalýðshreyfingin þarf sjálf aðhald – og það aðhald yrði skilvirkara ef launþegar væru ekki þvingaðir til aðildar og/eða greiðslu til stéttarféлага. Ætla má að stéttarfélögin yrðu að sýna betur fram á hagkvæmni og ráðdeild í rekstri sínum og þjónustu og að þau legðu raunverulega aðaláherzlu á baráttu fyrir hagsmunum félagsmanna sinna, en ekki t.d. privatskoðunum forsvarsmanna sinna.

Gera má ráð fyrir að samþykkt frumvarpsins myndi auka fjölbreytni í rekstri stéttarféлага og að fleiri og ólíkari kostir stæðu launþegum til boða. Þannig gætu lággjaldastéttarfélög, sem leggja grundvallaráherzlu á sjúkrasjóð og grunnréttindi félagsmanna en minni á ýmiss konar aukapjónustu af ofangreindu tagi, orðið valkostur fleiri launþega. Nú þegar er vísir að slíkri starfsemi hér á landi með Félagi lykilmanna. Það er alls ekki slæmt, heldur þvert á móti gott og hvetjandi fyrir verkalýðshreyfinguna að meiri fjölbreytni ríki og stéttarfélög þurfi að rökstyðja fyrir félagsmönnum sínum hvers vegna þeir ættu að gerast félagsmenn og greiða félagsgjöldin, í stað þess að þau séu í

þægilegri áskrift að félagsgjöldunum vegna þvingunar í lögum og/eða kjarasamningum. Það lýsir eldfornum hugsunarhætti þegar t.d. trúnaðarráð Stéttarfélagsins Bárunnar kallar slíkt í ályktun „félagsmannaveiðar.“

IV. Að lokum

Af ofansögðu má vera ljóst að Félag atvinnurekenda styður þetta frumvarp eindregið og hvetur til þess að það verði að lögum. Félagið áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum. Þá er félagið að sjálfsögðu reiðubúið að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA